

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogskaupstað.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

1. Umferð um Borgarholtsbraut frá Hafnarfjarðarvegi að Kópavogsbraut/Kárnesbraut, og brú yfir Hafnarfjarðarveg milli Borgarholtsbrautar og Digranesvegur, skal njóta aðalbrautarréttar fyrir umferð frá hliðargötum, þannig að umferð frá hliðargötum hafi biðskyldu, sbr. 2. mgr. og 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Áfram gildir biðskylda umferðar um Borgarholtsbraut fyrir umferð um Kársnesbraut/Kópavogsbraut.
2. Bönnuð er staða ökutækja á Vallartröð og Álfhólsvegi milli Vallartraðar og Skeljabrekku.
3. Með aðalbrautarréttindum Borgarholtsbrautar og brúar samkvæmt 1. tölulið, verður eigi önnur breyting á gildandi umferðarreglum um veg austan Hafnarfjarðarvegur (hinn eldri Hafnarfjarðarveg), en sú, að umferð um þann veg, sem haft hefur forgangsrétt inn á brúna, víkur nú fyrir umferð um Borgarholtsbraut/brú.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og koma til framkvæmda þegar í stað.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 16. janúar 1974.

Ólafur St. Sigurðsson, settur.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 9 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 1. apríl 1974 taka gildi viðauki og breytingar nr. 9 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Í útsöluverði lyfja eins og það er greint í viðauka þessum og breytingum er ekki innifalin 14.1% hækkun samkvæmt breytingu er tók gildi 20. nóvember 1973, né breyting á reglum um afhendingargjald, er tók gildi 18. mars 1974.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. mars 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grímsson.